7
6. júní

# LÖG
## um
## breyting á lögun um friðun á laxi, frá 19. febrúar 1886.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Ölfusá skal undanþegin þeim ákvæðum í 1. gr. laga um friðun á laxi, frá 19. febrúar 1886, sem tilfærð eru hjer á eftir innan tilvitnunarmerkja og hljóða þannig: „Á þessum veiðitíma skal þó lax friðaður 36 stundir í viku hverri, eða frá náttmálum á laugardögum til dagmála á mánudögum, og skulu þá öll laxanet tekin upp og allar veiðivjelar standa opnar, svo lax hafi frjálsa göngu“.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi hinn 15. júní 1923.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

*Gefið á Amalíuborg, 6. júní 1923.*

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

*Kl. Jónsson.*